

Kaupsamningur

Seljandi Dalabyggð	Kennitala 510694-2019	Símanúmer 8644647	Hlutfall 100.0%
Kaupandi Laugar Fasteignir ehf	Kennitala 480218-2130	Símanúmer 6864085	Hlutfall 0.0%
Dags. kaupsamnings Aflýsingardagur 25.5.2018	Útgáfudag afsals 31.12.2019		



Finnbogi Kristjánsson

Lögg. fasteigna-, skipa- og fyrirtækjasali,
Lögg. leigumáttari
finnbogi@fron.is | Sími 897 1212

Afhendingardagur eignar: 25.5.2018	Vátr.fél. seljanda VÍS	Vátr.fél. kaupanda VÍS
--	----------------------------------	----------------------------------

Fastanúmer	Eignarhluti	Byggingaár	Birt stærð	Brunabótamat	Húsmat	Lóðamat	Fasteignamat	B	M	Lýsing
211-7487	00 00 00		0.0	0	0	442.000	442.000			Jörð/lóð
211-7487	01 00 00			0	95.000	0	95.000			Ræktun
211-7487	02 00 00		0.0	0	1.700.000	0	1.700.000			Jarðhiti
Samtals			0.0	0	1.795.000	442.000	2.237.000			

Lýsing eignar

Um er að ræða **50% eignarhluta** seljanda í **jörðinni Laugum** í Sælingsdal, Dalabyggð í Dalasýslu, ásamt gögnum og gæðum sem eignarhlutanum fylgir og fylgja ber. Fast númer eignar er 137722. Fastanúmer eignarhluta: Jörð 211-7487. Jörðin er eyðijörð í þinglýsingarbókum en „skráð lögbýli“ í Þjóðskrá. Ræktað land telst vera um 1 ha.

Landamerki jarðarinnar eru ágreiningslaus, skv. landamerkjabréfi sem lesið var á manntalsþingi að Hvammi 26. maí 1886. Hefur kaupandi kynnt sér þau og sætt sig við við í alla staði. Seljandi lagði fram uppdrátt af landamerkjum, óstaðfest.

Afsal frá 25. júlí 1995, Dalabyggð kaupir af db. Jóhanns Bjarna Kristjánssonar, eru taldir upp samningar, töluliðir frá 1. til 8. sem varðar jörðina Lauga, sjá afsal þar um, er getið um eftirfarandi: Liður 1. samningur frá 31.08.1953 og hefur verið þinlýst, sem er á milli þáverandi landeiganda og skólastjórans um að byggja hús sem er Laugafell. 2. er samningur frá 4.11.1966 á milli landeiganda og Heimavistarskólans að Laugum, um sölu vatnsréttinda og hitaveituréttindi til skólans. 3. Samningur frá 4.11.1966, landeigandi selur 13,6 ha lands til skólans að Laugum. 4. Samningur við UMSD um afnot af lóð, frá 30.09.1959. 5. Samningur frá 15.05.1994, á milli landeiganda við fyrrum Hvammshrepp, nú Dalabyggð, fyrir tjaldstæði, ekki á spjaldi. 6. Lóðasamningar undir íbúðarhús og sundlaug d. 15.05.1994, hefur verið til í skjalasafni Dalamanna. 7. Landeigandi semur við Laxmenn um landleigu, d. 29.05.1992, ekki á spjaldi. 8. Samningur Kristínar Kristjánsdóttur við UMSD v/ sundlaugar d. 8.07.1928, ekki á spjaldi.

Kvaðir og önnur eignarbönd:

Lóðaleigusamningur sjá skjal með þinglýsingarnúmeri 415-A-000309/2005 við Einar Svein Ólafsson. Eignarheimild Dalabyggðar, 415-A-000262/2004.

Kaupverð í tölustöfum

20.000.000 kr.

Heildarverð í bókstöfum

Tuttugumilljónir kr.

Greiðslutilhögun sbr. sundurliðun A

20.000.000

Yfirteknar skuldir sbr. sundurliðun B

0

Veðbréf sbr. sundurliðun C

0

A. Greiðslutilhögun útborgunar

1. Við undirritun kaupsamnings og afsals, skv. uppgjöri við seljanda kr.

Greiðslustaður útborgunar FRÓN fasteignamiðlun

Vextir skv. A-lið reiknast ekki. Þó reiknast dráttarvextir ef ekki er greitt á gjalddaga.

kr. 20.000.000

D. Veðheimild seljanda til handa kaupanda á undan/eftir veðbréfi/um útgefnum samkv.C-lið.

Fjárhæð og væntanlegur lánveitandi.

Sjá bakhlið kaupsamnings

- Seljandi skuldbindur sig til að selja og kaupandi til að kaupa fasteign þá sem lýst er í samningi þessum með þeim skilmálum og kjörum sem í honum greinir eða af lögum leiðir.
- Um kaupin og réttarsamband aðila gilda lög nr. 40/2002 um fasteignakaup að því leyti sem ekki er samið um frávik í einstökum atriðum.
- Sé ekki um annað samið eða það augljóst skal eignin standast þær kröfur sem leiðir af lögum um fasteignakaup og kaupsamningi.
- Notuð fasteign telst ekki gölluð, nema ágallinn yri verðmæti hennar svo nokkru varði eða seljandi hafi sýnt af sér saknæma háttsemi.
- Sé ekki um annað samið skal eign hafa þann búnað eða réttindi sem VAR FYRIR HENDI VIÐ SKOÐUN og/eða á að fylgja samkvæmt lögum, kaupsamningi, öðrum gögnum eða venju. Eigninni skulu fylgja allar múr- og naglfastar innréttingar.
- Seljandi skal gefa kaupanda þær upplýsingar um eign, sem hann vissi eða mátti vita um og sem kaupandi hafði réttmæta ástæðu til að ætla að hann fengi. Eign skal vera í samræmi við veittar upplýsingar.
- Kaupandi getur ekki borið fyrir sig neitt varðandi ástand og gæði eignar sem hann þekkti til eða átti að þekkja til þegar kaupsamningurinn var gerður. Hafi kaupandi skoðað eign fyrir kaupin eða látið það undir höfuð leggja fyrir áskoranir seljanda, getur hann ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði mátt sjá við slíka skoðun.
- Eignin skal vera laus til afnota fyrir kaupanda á þeim tíma sem að framan greinir. Kaupandi hirðir frá þeim tíma arð af henni og greiðir af henni skatta og skyldur, vexti af uppreiknuðum eftirstöðvum yfirtekinnna lána svo og verðbætur, en seljandi til sama tíma. Uppgjör vegna þessa fer fram við undirritun afsals.
- Eign skal afhenda hreingerða á hádegi umsamins afhendingardags nema um annað sé samið. Þá skal seljandi haf rýmt eignina þ.e. fjarlægð hvers konar hluti og tilfæringar, sem ekki eiga að fylgja eigninni, svo og skal seljandi þá hafa greitt alla gjaldfallna reikninga vegna rafmagns og hita og látið lesa af mælum. Öll áhætta af því að fasteign skemmist eða eyðileggist af tilviljun t.d. bruna, flóði, jarðskjálfta eða þess háttar hvílir á seljanda fram að afhendingu. Eftir það hvílir áhætta á kaupanda. Skemmdir, sem verða á íbúð fyrir afhendingu, en eftir að íbúð er sýnd eða kaupsamningur gerður, skal seljandi lagfæra á sinn kostnað.
- Þegar seljandi hefur afhent fasteign, skal kaupandi svo fljótt sem verða má, skoða eignina á þann hátt sem góð venja er. Sinni kaupandi ekki þessari skyldu sinni getur hann glatað rétti, sem hann hefði ella haft, til þess að hafa uppi kröfur vegna galla. Hafi kaupandi einhver umkvörtunarefni fram að færa vegna ástands hins selda eftir afhendingu, skal hann strax beina umkvörtun sinni skriflega til seljanda og senda fasteignasöluinni afrit.
- Nú hefur kaupandi uppi réttmæta kröfu vegna galla og getur hann þá á eigin áhættu haldið eftir svo miklum hluta kaupverðs sem nægir til að tryggja greiðslu hennar. Hvílir á honum sönnunarbyrðin um tilvist galla og að hann sé á ábyrgð seljanda og einnig um fjárhæð gallakröfu. Þegar kaupandi heldur eftir hluta kaupverðs sbr. framanritað, skal hann gæta þess að ganga ekki lengra en nauðsyn krefur til að tryggja réttmæta hagsmuni sína.
- Vextir reiknast ekki á útborgunargreiðslur sem greiðast á umsömdum degi en dráttarvextir reiknast við greiðsludrátt.
- Veðbréf samkv. C-lið er gefið út við undirritun kaupsamnings, fjármálfyrirtæki greiðir andvirði lánsins, þegar þinglýst frumrit lánsins hefur borist því beint til seljanda nema annað sé ákveðið í kaupsamningi þessum og á veðbréfinu sjálfu.
- Sé svo umsamið að kaupandi skuli yfirtaka áhvílandi veðskuldur skal seljandi tilkynna skuldareigendum um það og afla samþykkis þeirra. Við undirritun kaupsamnings liggur fyrir samþykki um yfirtöku á áhvílandi láni.
- Kostnaðarskiptingu á milli aðila skal hagað á þá leið, að seljandi skal greiða venjuleg rekstrargjöld af fasteigninni uns hann afhendir hana kaupanda.
- Við kaupsamningsgerð kynntu aðilar sé gaumgæfilega eftirtalin gögn sem skoðast hluti af kaupsamningi og/eða eru honum til fyllingar og skýringar um réttindi og skyldur aðila og samningsforsendur þeirra og gerðu þeir engar athugasemdir við þau. Aðilum hefur verið afhent neðangreind skjöl í ljósríti. a) veðbandayfirlit, dags. 20.4.2018, b) matsvottorð, dags. 20.4.2018, c) söluyfirlit, dags. 8.12.2017, d) eignaheimild seljanda, eldra afsal, e) lóðaleigusamningar um íbúðarhús Laugafell, f) tilvitnuð þinglýst skjöl sbr. lýsingu eignar eins og vatnsveitu.
- Kaupandi skal láta þinglýsa kaupsamningi/afsali svo fljótt sem verða má. Skal kaupandi greiða við undirritun kaupsamnings þessa, stimplun og þinglýsingu kaupsamnings, skuldabréfa og annarra veðskjala, svo og lántökugjald veðbréfa. Sjá meðfylgjandi kostnaðarkvittun.
- Aðilum er skylt að virða hagsmuni hvors annars og sýna hvor öðrum sanngirni, trúnað og tillitssemi við efndir og framkvæmd samningsins. Komi hindrun í veg fyrir réttar efndir eða einhver önnur þau atvik sem varða hagsmuni gagnaðila skal viðsemjandi upplýsa hann og fasteignasóluna það um.
- Engar áhvílandi veðskuldur eru á eigninni.
- Séu aðilar sammála um að víkja frá fyrirmælum laga um fasteignakaup og standi lög því ekki í vegi, skulu frávik tilgreind hér að neðan með skýrum og ótvíræðum hætti. Sama er að segja um fyrirvara og sérstaka forsendur aðila ef því er að skipta.
- Kaupandi lýsir því yfir að seljandi muni eiga forkaupsrétt af hinu selda og að öllum öðrum seldum eignum að Laugum, sem veðsettar eru samkvæmt veðskuldabréfum, þar til veðskuldabréf, útgefin af seljanda, eru uppgreidd að fullu.
- Að öðru leyti en því sem í samningi þessu greinir er eignin seld án kvaða og veðbanda.
- Þegar kaupandi hefur efnt skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi þessum á hann rétt á afsali fyrir eigninni úr hendi seljanda.
- Þessi eign, 50% af óskiptir sameign af jörðinni Laugum, er veðsett ásamt eftirfarandi eignum: **Lán veitt veð á 1. veðrétti frá Byggðastofnun að upphæð kr. 200.000.000, vttr. Á 2. veðrétti verður lán frá Dalabyggð kr. 150.000.000, vttr. Bæði bréfin eru einnig veðsett, á Hótel/Skóli, Skóli heimavist, mötuneyti og Íþróttamannvirki með sundlaug með 13,6 ha lóð ásamt jarðhitaréttindum. Einnig eru einbýlishús að Laugum, Lauavellir, Laugalad, Laugasel og Laugafell, veðsett sömu tilgreindum veðbréfum, með lóðaréttindum.**
- Kaup þessi eru hluti af stærri viðskiptum seljanda við Arnarlón ehf., og dótturfélög þess Sælingsdalstungu ehf. og Laugar fasteignir ehf. Samhliða undirritun á kaupsamning þennan rita aðilar undir samkomulag um nánar tilgreind atriði er lúta að fasteignaviðskiptunum. Samkomulag á milli aðila er þessum kaupsamningi til fyllingar og ber að túlka ákvæði kaupsamningsins með hliðsjón af samkomulaginu þar sem aðilar hafa samið um nánar tilgreind réttindi og skyldur.

Til staðfestu undirrita kaupandi og seljandi skjal þetta í viðurvist tveggja vitundarvotta og lýsa yfir fjárræði sínu. Jafnframt lýsa þeir því hér með yfir að undirritanir af þeirra eru í fullu samræmi við 1. mg. 64. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 um hjúskaparstöðu, bústað fjölskyldu og húsnæði til atvinnurekstrar.

Reykjavík, 25. maí 2018

Staður og dagsetning

Undirskrift seljanda og samþykki maka	Undirskrift kaupanda
Vottar að réttir dags. undirskrift og fjárræði:	
Nafn	Kennitala
Nafn	Kennitala